

Nd.

361. Breytingartillögur

[2. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, HBl, ÓE, SV).

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað „2 224 000“ kemur: 2 550 000.
 - b. Í stað „1 850 000“ kemur: 2 100 000.
2. Við 3. gr. Í stað „490 000“ kemur: 560 000.
3. Við 7. gr. Í stað „1 442 000“ kemur: 1 482 000.
4. Við 12. gr. Í stað „1 100 000“ kemur: 1 265 000.
5. 21. gr. fellur niður.
6. 26. gr. fellur niður.
7. Við 27. gr. Í stað „730 000“ kemur: 805 000.
8. Á eftir 27. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Prátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1986 og skulu þess í stað greiddast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, skv. 2. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971.
9. Á eftir 28. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán vegna skuldbreytingar erlendra skammtímalána hjá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar að fjárhæð allt að 65 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
10. Á eftir 27. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð innlent lán Fjarhitunar Vestmannaeyja að fjárhæð 200 000 þús. kr. til skuldbreytingar hjá Lánasjóði sveitarfélaga.